

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2018
1805194/0.4.1/amk

Efni: Umsögn um mál nr. 622, frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Embætti landlæknis hefur nú fengið til umsagnar frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.


Embætti landlæknis hefur með höndum umfangsmikla vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um stóran hluta íslensku þjóðarinnar. Þannig skal embættið safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávisanir o.fl. Einnig hefur landlæknir eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum, veitir starfsleyfi til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta, sinnir kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu og ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna.

Embættið hefur staðið að undirbúningi vegna tilkomu laganna síðan fyrri part ársins 2017. Liggur fyrir að umfangsmikil vinna og kostnaður felst í innleiðingu nýrra persónuverndarlaga. Í tilviki embættisins hefur verið kortlögð öll vinnsla persónuupplýsinga og undirbúa gerð nýrra samninga við vinnsluaðila, útbúa verkferla, þjálfar og leiðbeina starfsfólki og einnig að ráða persónuverndarfulltrúa.

Embætti landlæknis telur aðfinnsluvert að ekki hafi farið fram kostnaðargreining á undirbúningi og innleiðingu laganna. Þannig að stofnanir fái fjármagn til að uppfylla þær miklu skyldur sem þetta frumvarp felur í sér.

Persónuvernd látinna: Að mati embættisins þarf að gæta varúðar ef breyta á íslenskum reglum varðandi persónuvernd látinna einstaklinga.

Virðingarfyllst



Alma D. Möller,
landlæknir